

Menntamálanefnd Alþingis
B.t. Helgu Þórisdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 15. apríl 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands (649. mál)


Vísað er til bréfs yðar, dags. 3. apríl 2002, varðandi umsögn um 649. mál, frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um frumvarpið eins og það liggur fyrir.

BHM leggur sem endranær áherslu á náð samráð – einnig á undirbúningsstigum mála – við stéttarfélög starfsmanna og vill með þeim fyrirvara lýsa ánægju með sveigjanlega lausn í e-lið ákvæðis til bráðabirgða enda er gert ráð fyrir að þeirri heimild verði beitt af jafnræði og með formlegum hætti.

Að því sögðu vill BHM fagna frumvarpinu enda virðist sú menntun sem um ræðir með frumvarpinu sett á borð með annarri menntun á háskólastigi hvað varðar framsetningu og reglur um aðra háskóla og almennar reglur þar um; gerir BHM ráð fyrir að jafnræðis verði sömuleiðis gætt í fjárveitingum.

Loks skal bent á meginreglur laga nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum sem gilda í þessu efni en þau lög eru nú til endurskoðunar hjá Alþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.